

AUGLÝSING

32

19. marz

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Neskaupstað frá 28. október 1930.

Samkvæmt lögum nr. 1 frá 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfestur eftirritaður

VIÐAUKI

við lögreglusamþykkt fyrir Neskaupstað.

Aftan við 7. gr. bætist:

„Enginn má nota skotvopn, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra, sem einnig getur svipt menn slíku leyfi“.

Viðauki þessi öðlast gildi 1. apríl 1934.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 19. marz 1934.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Kjartanssjóð“, útgefin á venju- **33**
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. apríl 1934. Skipulagsskráin er 9. apríl
þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kjartanssjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kjartanssjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frú Mariu S. Kjartansdóttur á Hofsósi, til minningar um foreldra hennar, frú Þórlaugu Björnsdóttur og Kjartan Rósenkranzson, kaupmann á Flateyri, og systkini, sem öll eru látin. Þessi systkini hennar hétu: Torfi Magnús, Guðlaug Jóna, Kristín Bergljót og Rósenkranz Páll.

33

9. apríl

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000,00 — fimm þúsund krónur —, og skal það geymt í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. $\frac{1}{2}$ vaxta skal leggjast við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 20000,00 — tuttugu þúsund —. Úr því skal leggja við höfuðstólinn $\frac{1}{4}$ hluta vaxta.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

4. gr.

Aðaltilgangur sjóðsins er að styrkja ekkjur og ófullveðja börn (þar með talin fósturbörn) drukknaðra manna, sem átt hafa lögheimili í Önundarfirði er þeir drukknuðu. Þ. e. að segja á svæðinu milli Barða og Sauðaness. Þær ekkjur og þau börn, sem halda áfram að eiga lögheimili í Önundarfirði, skulu, að öðru jöfnu, sitja fyrir þeim um styrk, er burt flytja.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Kjósa skal 2 þeirra ásamt varamönnum, á lög-mætum sveitarfundi, í hvorum hreppnum fyrir sig, Mosvallahreppi og Flateyrarhreppi, 1 í hvorum hreppi, til 5 ára í senn. Íbúar Ingjaldssands kjósi með íbúum Mosvallahrepps. Deyi aðalmaður eða flytji burt úr hreppnum, tekur vara-maður við þar til kjörtímabilið er úti. Það má endurkjósa aðalmenn og varamenn.

Sóknarprestur Holtsprestakalls í Önundarfirði er sjálfkjörinn, sem 3. maður í stjórnina. Verði prestakallið lagt niður, skal sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu kjósa 3ja manninn ásamt varamanni í stjórnina, til 5 ára í senn. Kjörgengir eru aðeins menn búsettir í Önundarfirði.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum. 1 er formaður, en hinir 2 meðstjórnendur. Formaður annast bókhald sjóðsins. Þessar bækur skal halda: Gerðabók, höfuðbók og sjóðbók.

Eftir hver áramót semur stjórnin reikning fyrir næsta ár á undan, og sendir hann svo sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu til endurskoðunar og samþykktar á næsta aðalfundi hennar.

7. gr.

Umsóknir um styrk, stílaðar til stjórnar sjóðsins, skulu komnar til for-manns fyrir áramót. Stjórnin úthlutar styrknum svo fljótt, sem verða má. Þær ekkjur og þau börn, sem ekki þiggja af sveit, skulu að jafnaði, vera látin sitja fyrir um styrkinn.

8. gr.

Stjórninni er heimilt að veita viðtöku gjöfum til sjóðsins, og afla honum tekna á þann hátt, sem hún telur bezt henta. Það, sem sjóðnum kann að áskotnast þannig, leggst að hálfu við höfuðstólinn, en hinn helmingurinn kemur til úthlutunar.

Stjórn sjóðsins starfar kauplaust. Þó skal greiða af honum beinan kostnað við stjórnarstörf, svo sem nauðsynlegar bækur, pappír o. s. f.

33

9. apríl

9. gr.

Sjái stjórn sjóðsins sér fært og fé er fyrir hendi, má veita ekkjum á áður-nefndu svæði og ófullveðja börnum þeirra, styrk úr sjóðnum, þó að menn þeirra eða fyrirvinna hafi ekki druknað, heldur látizt á annan hátt.

Ógiftar mæður og börn þeirra, njóta sömu réttinda gagnvart sjóðnum yfirleitt, eins og giftar væru.

10. gr.

Komi eitthvert ár engar, eða svo fáar umsóknir um styrk úr sjóðnum, að ekki þyki ástæða til að veita allt það fé, sem heimilt er að veita, skal leggja afganginn við höfuðstólinn. Verði sjóðurinn svo stór, að ekkjur og ófullveðja börn þeirra, á svæði því, sem nefnt hefir verið, geti lifað sómasamlega á styrk úr honum, og fé er afgang, sem heimilt er að veita, þá má styrkja unga efnilega piltá úr Önundanfirði til náms í sjómannafræði.

Hofsósi, 9. maí 1933.

María S. Kjartansdóttir.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Skagastrandarkauptún.

34

10. apríl

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru: Frá Höfðatá beina línu til suðurs í Djúpsker, og þaðan til lands sunnanvert Árbakkasteins í Hrafnarós.

2. gr.

Hreppsnefnd Vindhælishrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna, undir yfirstjórn atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmálefna og eftirlit með höfninni, og hafnarmannvirkjum og sér um viðhald og umbætur á hvorutveggja, stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndarinnar.

Hafnarnefnd er skipuð þremur mönnum, og eru tveir kosnir af hreppsnefnd Vindhælishrepps, en sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu kýs 1. Nefndarmenn eru kosnir til 3ja ára, og gengur einn úr árlega, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Skagastrandarkauptúni, eða nágrenni þess.